

Reglur Þingeyjarsveitar um úthlutun styrkja til íþróttá- og æskulýðsstarfs í Þingeyjarsveit

1. gr.

Styrkveitingar fari fram tvisvar á ári, á reglulegum fundum íþróttá-, tómsunda og menningarnefndar í mars og október. Auglýst er eftir styrkumsóknum í febrúar og september ár hvert. Auglýst er í þeim auglýsingamiðlum sem gefnir eru út í Þingeyjarsveit hverju sinni sem og á heimasíðu sveitarfélagsins. Framlag til úthlutunar er ákveðið við gerð fjárhagsáætlunar Þingeyjarsveitar ár hvert.

2. gr.

Umsækjendur styrkja skulu hafa lögheimili í Þingeyjarsveit.

Styrki má veita einstaklingum, félögum og samtökum sem starfa að íþróttá- og æskulýðsstarfi í Þingeyjarsveit. Styrki má veita vegna einstakra verkefna eða viðvarandi starfsemi. Nefndin metur hvaða verkefni eru styrkhæf og hver ekki.

Einstaklingar sem stefna á og eiga raunhæfa möguleika á að ná lágmörkum fyrir heimsmeistaramót, Evrópumeistaramót eða Ólympíuleika eru styrkhæfir sem og einstaklingar sem valdir hafa verið í landslið.

3. gr.

Umsóknum skal skilað á sérstökum eyðublöðum sem nálgast má á heimasíðu sveitarfélagsins og/eða á skrifstofu Þingeyjarsveitar. Umsóknir og fylgiskjöl sem og greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár skulu berast til skrifstofu sveitarfélagsins eða á fundi íþróttá-, tómsunda og menningarnefndar. Umsóknir skulu vera skriflegar og undirritaðar af forsvarsmanni og/eða stjórn þess félags sem sækir um styrk. Umsóknir sem berast í tölvupósti jafngilda skriflegum umsóknum.

Hverri umsókn skal fylgja greinargerð um starfsemi viðkomandi félags og/eða það verkefni sem vinna skal að. Tilgreina skal í hvaða verkefni eigi að nota þá fjármuni sem sótt er um. Styrkbeiðnum vegna reglulegrar starfsemi formlegs félagsskapar skal fylgja ársreikningur viðkomandi félags vegna síðasta árs og/eða fjárhagsáætlun vegna yfirstandandi árs. Umsóknum vegna einstakra viðburða eða afmarkaðra verkefna skal fylgja fjárhagsáætlun.

4. gr.

Íþróttá-, tómsunda og menningarnefnd getur kallað forsvarsmenn félaga og/eða verkefna á sinn fund og farið fram á nánari upplýsingar ef þurfa þykir. Einnig getur nefndin falið formanni nefndarinnar að afla frekari upplýsinga varðandi umsóknir.

5. gr.

Íþróttá-, tómsunda og menningarnefnd getur skilyrt styrki og gert samninga um afhendingu þeirra. Formaður íþróttá-, tómsunda og menningarnefndar skal fylgjast með að skilyrðum vegna skilyrtra styrkja / samningsbundinna styrkja sé framfylgt.

6. gr.

Styrkþega ber að skila inn til nefndarinnar greinargerð um framgang verkefnis og ráðstöfun styrkfjár innan árs frá styrkveitingu. Berist greinargerð ekki getur það hamlað frekari styrkveitingum.

Samþykkt á fundi sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar 30. nóvember 2022.